Stapi	16-657	Kölski	10-920	100,4	103,8	115,1	106,4	14,6	8,6	5,2	28,4	2,4	16,9	137,9
Kristinn	16-652	Tjaldur	11-922	94,9	118,0	91,9	101,6	14,3	8,9	5,0	26,6	2,3	17,1	134,6
Hafur	14-670	Hróður	12-652	100,6	105,3	95,1	100,4	14,6	8,8	5,3	27,6	2,4	16,7	137,0
Siglir	15-682	Kári	13-112	101,8	97,1	100,7	99,9	14,7	8,6	5,4	27,7	2,6	16,9	134,8
Óttar	16-658		12-518	102,4	103,8	85,7	97,3	14,8	8,8	5,3	26,4	2,3	16,8	143,7
Golli	16-656	Kjarni	13-927	89,5	85,8	100,7	92,0	13,8	7,8	4,9	27,1	2,5	17,2	143,7
Sissinn	16-650	Bekri	12-911	103,1	73,2	97,5	91,3	14,8	8,2	5,8	27,3	2,5	16,9	134,2
Snúður	14-673	Trantur	13-651	94,7	77,0	79,0	83,6	14,2	7,9	5,3	26,6	2,7	16,9	136,2
Ljómi	15-685	Snúður	14-673	97,1	77,4	70,1	81,5	14,4	8,0	5,4	26,1	2,6	16,8	137,0
							Meðaltal:	14,6	8,6	5,2	27,5	2,5	17,0	138,0

Hér eru efstir kauphrútar frá Stóru-Tjörnum, þeir Laufi 15-691 og Ási 15-690. Þessir hrútar voru einnig á toppnum í samanburði á Grund haustið 2016. Þeir eru báðir afkomendur Kornelíusar 10-945 en Laufi er sonur hans og Ási er dóttursonur hans. Þorsteinn 16-653 er hæstur fyrir kjötmat, en hann á hér vel gerðan hóp þrátt fyrir að fallþungi afkvæma hans sé ekki mikill. En lömbin undan honum eru að hluta til gemlingslömb sem hefur væntanlega áhrif þar á. Þorsteinn er sonur Tanga 13-954 og móðurfaðir hans er Jökull 07-844 og því sterkir gerðarhrútar sem standa honum að baki.

Svertingsstaðir, Eyjafirði

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Völlur	16-651	Hvellur	15-640	117,3	109,5	112,7	113,2	18,3	10,1	6,9	27,4	2,0	17,7	132,5
Loftur	16-654	Krapi	13-940	95,5	114,5	111,8	107,2	16,6	9,3	6,0	28,3	2,2	17,3	132,8
Ólafur	16-649	Krapi	13-940	100,3	97,5	104,6	100,8	17,0	9,1	6,3	27,1	1,9	17,4	137,2
Kristján	16-652	Serkur	13-941	105,1	95,1	95,4	98,5	17,3	9,2	6,5	26,0	1,8	17,4	135,8
Spaði	16-653	Magni	13-944	91,4	90,8	87,0	89,7	16,1	8,1	5,7	25,9	2,0	17,1	127,8
Vestri	16-655	Skuggi	14-130	87,9	88,9	83,7	86,8	16,0	8,4	6,0	26,4	2,6	17,3	141,7
							Meðaltal:	16,9	9,1	6,3	26,9	2,1	17,4	135,0

Á Svertingsstöðum eru veturgömlu hrútarnir prófaðir á markvissan hátt. Hér er það einn hrútur sem stendur upp úr og fær hann góða útkomu í öllu þáttum. Það er Völlur 16-651. Faðir hans, Hvellur 15-640, er sonur Sprota 12-936 frá Melum og móðurfaðir Vallar er Sigurfari 09-860 frá Smáhömrum. Loftur 16-654 skilar þykkum bakvöðva og góðri gerð miðað við fallþunga en vænleikinn er undir búsmeðaltali. Loftur er kauphrútur frá Stóru-Tjörnum, sonur Krapa 13-940 og dóttursonur Roða 10-897.

Kjarni, Eyjafirði

Nafn	Faðir Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Hrókur	16-152	Styggur	14-038	111,4	121,6	135,4	122,8	18,1	10,9	5,4	29,2	2,5	17,7	143,3
Dökkvi	16-154	Baugur	15-170	100,9	108,1	104,3	104,5	16,9	11,4	6,8	27,8	3,0	17,7	144,2
Ári	16-150	Gormur	13-029	97,9	102,7	100,6	100,4	16,6	11,2	7,0	27,8	3,1	17,6	140,4
Riddari	16-151	Hrekkur	11-053	95,7	91,3	91,8	92,9	16,3	9,8	6,2	27,5	3,2	17,6	142,6
Gullkollur	16-312	Spotti	13-942	94,8	78,4	61,4	78,2	16,4	10,0	6,8	25,8	3,8	17,6	144,7
							Meðaltal:	16,8	10,7	6,5	27,7	3,1	17,6	143,1

Í Kjarna eru 5 athygliverðir veturgamlir hrútar í samanburði. Afgerandi efstur stendur Hrókur 16-152 frá Árbæ í Reykhólasveit og er hann í eigu fjárræktarfélagssins Neista. Hrókur á vænsta hópinn, með þykkasta bakvöðvann og bestu flokkun sláturlamba. Þessi hrútur var jafnframt að koma mjög vel út á fleiri búum í Hörgárdal í haust. Þá kemur svartur heimahrútur, Dökkvi 16-154. Í móðurætt má rekja hann til Stera 07-855 frá Árbæ og Radix 10-931 frá Hjarðarfelli. Þessi hrútur skilar sérstaklega góðri holdfyllingarflokkun og er efstur fyrir þann þátt í þessum samanburði. Þriðji hrúturinn er aðkeyptur frá Árbæ, Ári 16-150, sonur Gorms 13-029 sem hefur skilað talsvert af góðum gripum. Ári á hér einnig glæsilegan hóp. Riddari 16-151 er líkt og Hrókur, í eigu fjárræktarfélagssins Neista en hann er keyptur frá Broddanesi. Riddari á hér léttasta hópinn sem jafnframt er lægstur fyrir gerð. Fimmti hrúturinn í samanburðinum er Gullkollur frá Stóra-Dunhaga. Hann á býsna vel gerðan hóp, en bakvöðvi afkvæmanna er heldur þunnur og fituflokkun heldur há miðað við meðaltal rannsóknarinnar og fallþunga lambanna og skýrir það þá afgerandi lágu einkunn sem hann fær.

Suður-Pingeyjarsýsla

Ingjaldsstaðir, Pingeyjarsveit

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Geisli	16-160	Kaldi	12-950	103,3	123,3	119,1	115,3	16,7	10,0	5,6	31,5	2,4	17,7	132,7
Skoti	16-162	Kölski	10-920	103,5	104,2	113,8	107,1	16,8	9,2	5,6	30,8	2,4	17,8	126,1
Askur	16-158	Dreki	13-953	96,6	94,4	101,0	97,4	16,2	9,4	6,0	30,3	2,6	17,7	131,0
Strókur	16-161	Garri	11-908	100,0	91,9	87,5	93,1	16,4	9,3	6,2	29,0	2,2	17,5	137,5
Hnappur	16-157	Dreki	13-953	98,4	90,9	79,3	89,5	16,3	8,8	5,6	29,0	2,7	17,5	134,6
							Meðaltal:	16,4	9,3	5,8	30,1	2,5	17,6	132,3

Á Ingjaldsstöðum voru veturgömlu hrútarnir skipulega prófaðir líkt og jafnan áður. Sá hrútur sem hér skarar fram úr er Geisli 16-160 en afkvæmi hans eru bæði með þykkasta bakvöðvann og hæsta gerðarmat í sláturhúsi. Þessi efnishrútur er sonur Kalda 12-950 frá Oddsstöðum. Í móðurætt eru stöðvahrútar í bakættum, en móðurföðurfaðir er Lundi 03-945 frá Bergsstöðum og MMFF er Ljóri 95-828 frá Þóroddsstöðum.

Lækjarvellir, Bárðardal

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Búi	15-151	Guðni	09-902	101,5	116,4	144,8	120,9	16,8	9,7	5,4	31,7	2,2	17,7	127,4
Amor	16-156	Borkó	11-946	105,2	122,2	105,6	111,0	17,1	10,6	6,0	29,4	2,5	17,4	127,0
Kongur	16-157	Borkó	11-946	104,5	111,2	109,7	108,5	17,0	10,1	6,0	28,9	2,1	17,4	132,7
Börkur	13-181	Fífíll	12-174	101,5	96,8	119,5	105,9	16,7	9,5	6,0	30,4	2,4	17,4	128,4
Þór	16-160	Svimi	14-956	101,2	98,1	118,6	105,9	16,7	9,4	5,9	30,2	2,5	17,4	133,4
Salómon	14-188	Váli	10-907	98,1	114,4	98,1	103,5	16,4	9,9	5,8	28,8	2,7	17,5	134,4
Stafn	16-158	Kjarni	13-927	92,9	104,9	94,1	97,3	16,0	9,4	5,7	27,8	2,1	17,2	138,9
Fífíll	12-174	Grábotni	06-833	101,6	102,7	87,1	97,1	16,8	9,2	5,6	27,9	2,3	17,3	131,2
Glampi	16-161	Svimi	14-956	98,6	90,6	100,5	96,5	16,5	9,6	6,4	28,9	2,6	17,3	134,1
Roði	16-162	Spotti	13-942	106,5	89,3	88,2	94,7	17,2	9,3	6,0	27,8	2,5	17,4	134,8
Fjarki	16-164	Tígull	15-154	96,1	98,4	85,1	93,2	16,3	8,8	5,4	26,8	2,1	17,3	132,2
Prins	16-159	Kaldi	12-950	95,8	85,2	88,5	89,8	16,2	8,8	5,9	27,7	1,9	17,1	140,8
Pottur	15-152	Bikar	12-172	99,1	68,3	63,7	77,0	16,5	8,3	6,2	26,5	2,5	17,1	135,1
							Meðaltal:	16,6	9,4	5,8	28,7	2,3	17,3	133,2

Hér eru þrjú hrútar með mjög áhugaverðar niðurstöður. Efstur stendur Búi 15-151 sem átti afgerandi besta lambahópinn í líflambaskoðuninni. Búi er sonur Guðna 09-902 frá Mýrum en Búleg 11-128 móðir Búa er komin út af Kveik 05-965 frá Hesti í báðar ættir. Þá koma tveir veturgamlir synir Borkós 11-946 sem eiga öflugustu sláturlambahópana.

Litlu-Reykir, Reykjahverfi

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Kambur	16-038	Grímur	14-955	101,8	132,6	143,1	125,9	17,0	12,3	7,0	31,9	1,9	18,2	153,1
Javi	14-014	Saumur	12-915	106,4	133,4	101,9	113,9	17,4	11,9	6,7	30,0	2,4	17,9	148,6
Greifi	16-043	Kliður	13-003	102,6	101,3	125,3	109,8	17,1	11,9	7,9	31,3	2,3	18,0	158,4
Flaski	16-041	Rjómi	13-006	107,5	91,3	121,0	106,6	17,6	10,6	7,1	31,2	2,4	17,9	147,6
Arfi	16-039	Grímur	14-955	104,8	95,7	115,8	105,4	17,3	10,9	7,2	30,8	2,3	18,0	147,8
Sirkill	15-024	Úði	14-013	97,3	110,6	104,8	104,3	16,6	11,7	7,3	30,1	2,6	18,1	156,1
Kolur	16-037	Bekri	12-911	100,0	99,2	91,6	96,9	16,8	11,6	7,7	29,5	2,4	17,9	152,7
Stallur	16-042	Svelgur	15-027	103,6	84,4	96,0	94,7	17,2	10,9	7,7	29,8	2,6	17,9	152,4
Blakkur	16-044	Mandela	13-129	93,5	97,4	91,9	94,3	16,3	10,8	7,0	29,3	2,4	17,8	151,7
Akur	16-040	Kornelíus	10-945	103,5	92,9	82,7	93,0	17,3	11,5	7,9	28,5	2,3	17,7	152,6
Gjallur	15-026	Spaði	11-280	91,7	89,0	87,1	89,3	16,2	10,3	6,7	29,9	2,7	17,8	150,7
Grunur	12-293	Grábotni	06-833	95,5	84,8	66,4	82,3	16,5	10,4	7,0	27,7	2,0	17,7	148,2
							Meðaltal:	16,8	11,1	7,2	29,8	2,4	17,9	151,2

Á Litlu-Reykjum eru margir glæsilegir afkvæmahópar. Hér er það hinn veturgamli Kambur 16-038 sem ber höfuð og herðar yfir aðra hrúta en afkvæmi hans eru fádæma vel gerð líkt og niðurstöður úr líflambaskoðun og kjötmati gefa til kynna. Kambur er sonur Gríms 14-955 frá Ytri-Skógum og dóttursonur Sudda 09-262 sem var undan Kveik 05-965 frá Hesti. Annar í röðinni er Javi 14-014 sem er einnig ættaður frá Ytri-Skógum en faðir hans er Saumur 12-915. Javi skilar góðum vænleika ásamt því að skila frábærri flokkun sláturlamba. Greifi 16-043 á hér einnig hörku góðan hóp. Þessi hrútur er talsvert mikið ættaður úr Öxarfirði en Kliður 13-003 faðir hans er sonur Kappa 11-284 frá Bjarnastöðum og móðir Greifa, sem ber hið skemmtileg nafn Aðventa 11-083, er dóttir Hnjúks 09-261 frá Hafrafellstungu. Flaski 16-041 er sá hrútur sem á vænstan hópinn en jafnframt þann yngsta. Hann er þó ekki jafn afgerandi gerðarhrútur og faðir hans Rjómi 13-006 en Rjómi var einn af topp hrútum búans og stóð efstur í afkvæmarannsókn 2015.

Skarðaborg, Reykjahverfi

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Spakur	16-110	Víðir	15-101	108,7	128,3	118,1	118,4	17,0	11,3	5,4	28,6	1,9	17,9	145,2
Eir	16-108	Víðir	15-101	101,2	120,0	123,3	114,8	16,4	10,6	5,2	29,5	2,3	17,8	141,5
Baukur	16-107	Harðbaku	14-111	101,9	120,4	113,5	112,0	16,5	11,5	6,0	29,3	2,7	17,9	143,8
Hellir	16-118	Markar	15-025	101,0	116,7	110,5	109,4	16,4	10,6	5,2	28,0	2,1	17,8	144,5
Mandela	13-129	Gumi	09-880	91,4	106,5	118,9	105,6	15,6	10,5	5,6	28,0	1,9	18,1	143,9
Tjaldur	16-102	Tjaldur	11-922	105,8	81,0	95,8	94,2	17,1	10,5	6,6	27,1	1,7	17,5	145,8
Gjafar	16-117	Óskar	15-402	100,8	87,9	88,7	92,4	16,4	10,8	6,4	26,6	2,1	17,8	147,9
Kostur	16-109	Kappi	14-143	102,4	83,7	81,0	89,0	16,5	10,2	6,0	26,6	2,2	17,6	142,7
Pogba	16-111	Obama	14-136	97,6	83,3	68,9	83,3	16,2	9,9	5,7	24,9	1,9	17,4	144,6
Garpur	16-106	Loki	15-112	92,1	66,2	79,2	79,2	15,7	9,1	5,6	26,4	2,1	17,3	142,1
							Meðaltal:	16,3	10,5	5,7	27,5	2,1	17,7	144,1

Hér eru 9 veturgamlir hrútar í samanburði ásamt einum gömlum höfðingja, Mandela 13-129 sem var efstur hrúta í afkvæmarannsóknaruppgjöri í Skarðaborg 2016. Efstir standa nú hálfbræðurnir Spakur 16-110 og Eir 16-108. Þeir eru synir Víðis 15-101 sem var efstur af veturgömlu hrútunum á síðasta ári og kom þá annar í röðinni á eftir Mandela. Víðir er sonur Kölska 10-920 og útaf Þrjóni 07-812 frá Hesti í móðurætt. Spakur á hér afgerandi vænsta hópinn sem jafnframt er vel gerður og hóflega feitur. Þriðji hrúturinn í röðinni og sá sem á þann afkvæmahóp sem hæst gerðarmat hefur er Baukur 16-107.

Ysti-Hvammur, Aðaldal

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Muninn	16-146	Þór	13-149	102,6	153,3	115,4	123,8	16,7	11,9	6,1	29,4	2,2	17,9	138,6
Vestri	16-144	Váli	15-568	100,7	124,2	101,8	108,9	16,6	10,8	6,2	29,1	2,3	17,4	145,3
Snúður	16-143	Hængur	10-903	99,8	111,5	105,4	105,6	16,5	10,9	6,7	29,2	2,4	17,8	145,3
Hlíðar	15-570	Spakur	14-024	103,4	112,7	100,8	105,6	16,8	11,4	7,1	29,3	2,5	17,7	144,6
Huginn	15-565	Óðinn	14-155	92,6	108,3	115,0	105,3	15,9	10,3	6,3	29,2	2,3	17,9	138,8
Viti	16-141	Svimi	14-956	99,9	105,9	103,8	103,2	16,5	11,0	7,0	29,4	2,7	17,7	148,9
Nagli	15-567	Saumur	12-915	96,9	106,9	95,5	99,8	16,3	10,2	6,2	28,2	2,3	17,8	139,9
Kafteinn	13-146	Kjarkur	08-840	97,1	87,2	112,2	98,9	16,3	9,7	6,4	29,1	2,2	17,9	140,2
Tónn	16-142	Kornelíus	10-945	101,4	77,4	117,3	98,7	16,7	10,1	7,3	30,1	2,6	18,0	149,3
Roði	13-147	Prúður	11-896	97,8	87,7	102,6	96,0	16,3	10,3	7,0	28,7	2,2	17,7	142,6
Reykur	16-147	Vasi	14-017	99,6	96,9	77,3	91,3	16,5	9,8	6,2	27,0	2,1	17,4	141,7
Reki	15-564	Drumbur	10-918	108,5	66,6	90,6	88,5	17,3	9,9	7,4	28,4	2,5	17,6	144,4
Bangsi	16-148	Harðbaku	14-111	101,7	74,3	81,4	85,8	16,7	9,6	7,0	27,8	2,1	17,6	148,9
Heimdallu	16-145	Þór	13-149	99,3	68,0	76,5	81,3	16,5	9,2	6,7	27,5	2,5	17,6	144,1
							Meðaltal:	16,5	10,4	6,6	28,7	2,3	17,7	143,3

Í Ysta-Hvammi var stór afkvæmarannsókn og margir góðir afkvæmahópar. Hér kemur fram ný stjarna, hinn veturgamali Muninn 16-146, sem sýnir talsverða yfirburði sem lambafaðir. Faðir hans, Þór 13-149 sonur Ás 09-877 frá Skriðu, hefur verið einn sterkasti hrútur búsins á síðustu árum m.t.t. vöðvasöfnunar. Í móðurætt Munins eru heimahrútar í nærættum en Raftur 05-966 og Áll 00-868 koma þar fyrir í fjórða lið. Vestri 16-144 fær hér einnig góðar niðurstöður en þessi hrútur er sonarsonur Þórs 13-149. Þá er hér athyglisverður hrútur, Hlíðar 15-570, sem á vnan og vel holdfylltan afkvæmahóp. Föðurfaðir hans er Bekri 12-911.

Norður-Pingeyjarsýsla

Klifshagi 2, Öxarfirði

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Ares	15-777	Zeus	14-168	102,0	113,4	124,8	113,4	16,0	10,6	6,3	29,2	1,8	17,3	133,3
Hvítur	10-786	Snati	07-174	102,6	97,6	106,1	102,1	16,0	10,5	6,7	28,8	1,9	17,0	134,5
Landi	16-762	Svimi	14-956	105,6	94,5	99,0	99,7	16,3	10,9	7,2	28,5	1,9	16,8	134,4
Vori	16-766	Vetur	12-914	93,9	101,8	98,4	98,0	15,4	10,3	6,3	28,0	1,7	16,8	137,5
Klunni	16-764	Pumba	12-777	105,9	100,7	80,7	95,8	16,4	10,4	6,5	27,2	2,0	16,8	134,0
Runni	16-761	Börkur	13-952	102,6	91,1	92,9	95,5	16,1	10,0	6,4	27,6	1,8	16,9	132,1
Jarl	16-763	Aðall	13-766	98,9	102,7	80,6	94,1	15,8	10,4	6,4	27,0	2,0	16,8	134,8
Frændi	14-508	Bjarmi	11-242	90,2	91,3	96,3	92,6	15,2	9,9	6,2	27,6	1,7	17,0	139,1
							Meðaltal:	15,9	10,4	6,5	28,2	1,8	17,0	135,0

Í Klifshaga stendur efstur Ares 15-777. Þetta er sá hrútur sem var besti lambafaðir búsins 2016. Hann var mikið notaður í framhaldi af því og á hér langstærsta afkvæmahópin eða 105 sláturlömb. Hann skilar vel gerðum afturparti og þykkum bakvöðva. Ares er sonarsonur Tjalds 11-922 og þá standa þeir einnig að baki honum Guffi 08-869, Kjarkur 08-840 og Hukki 06-841. Þessi hrútur er í prófun vegna sæðingastöðvanna sem fram fer á Leifsstöðum. Annar í röðinni er gömul kempa, Hvítur 10-786 frá Leifsstöðum. Hvítur hefur vakið athygli sem öflugur lambafaðir á síðustu árum og á þegar einn son í hópi sæðingastöðvahrúta, Lása 13-985. Landi 16-762 á einn af vænstu hópunum og best gerðan en fituflokkun er nokkuð óhagstæðari en hjá öðrum hrútum hér. Landi er frá Sveinungsvík undan Svima 14-956 og dóttir Grábotna 06-833.

Laxárdalur, Þistilfirði

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Putti	16-321	Póstur	15-320	112,7	122,4	123,4	119,5	17,4	10,5	7,0	30,9	2,4	17,5	133,7
Kraki	16-322	Urði	14-326	102,6	113,5	102,5	106,2	16,5	10,1	6,9	29,3	2,2	17,6	136,5
Kálfur	14-324	Kraftur	11-947	100,9	101,4	106,7	103,0	16,4	9,8	7,1	30,3	2,6	17,6	133,8
Skafti	13-323	Rafall	09-881	92,6	101,2	92,3	95,4	15,9	9,9	7,1	29,2	2,4	17,4	135,4
Klippur	16-323	Dúx	15-778	109,0	75,7	94,5	93,1	17,0	9,1	7,3	29,8	2,5	17,2	134,1
Adam	16-320	Grímur	14-955	90,2	90,4	74,3	85,0	15,7	9,0	6,5	28,8	3,3	17,3	132,9
							Meðaltal:	16,3	9,7	7,0	29,8	2,5	17,4	134,3

Í Laxárdal stendur efstur veturgamall hrútur, Putti 16-321. Hann er sá hrútur sem fær hér hvað mest afgerandi niðurstöður. Lömbin undan honum flokkast vel en þeirra aðall virðist vera mikill bráðþroski. Putti er sonarsonur Danna 12-923 frá Sveinungsvík og dóttursonur Krafts 11-947 frá Hagalandi sem var heimahrútur í Laxárdal áður en hann fór á sæðingastöð. Þá er Kraki 16-322 með þrýðilega niðurstöðu að flesti leyti. Hann er sonur Urða 14-326 sem er frá Sandfellshaga 1.

Leifsstaðir, Öxarfirði

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjótmát	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Lási	13-985	Hvítur	10-786	103,8	118,9	117,4	113,4	15,9	10,3	6,1	30,2	2,2	17,6	133,1
Eiríkur	15-174	Kölski	10-920	95,0	119,8	118,8	111,2	15,3	10,2	5,9	30,1	2,2	17,7	136,9
Hörður	13-171	Stáli	06-831	104,2	111,5	102,8	106,1	16,0	10,4	6,5	29,9	2,4	17,4	136,5
Borgar	16-177	Eiríkur	15-174	101,3	98,2	113,0	104,2	15,8	9,9	6,5	30,1	2,2	17,6	138,7
Barri	16-172	Kaldi	12-950	102,3	107,4	97,6	102,4	15,8	9,7	5,9	29,5	2,1	17,3	134,9
Hallmar	15-172	Fjarki	13-115	98,6	84,6	108,9	97,4	15,6	9,5	6,4	30,2	2,4	17,5	133,1
Morri	14-782	Drumbur	10-918	98,7	101,4	78,9	93,0	15,6	9,8	6,2	28,4	2,5	17,6	133,3
Brasi	16-175	Morri	14-782	100,6	92,7	85,2	92,8	15,7	9,6	6,4	28,7	2,3	17,4	131,4
Bolt	16-173	Hörður	13-171	96,9	59,4	67,6	74,6	15,4	8,4	6,3	27,8	2,4	17,3	133,7
							Meðaltal:	15,7	9,8	6,2	29,5	2,3	17,5	134,6

Lási 13-985 stendur hér efstur en sá höfðingi þjónar nú á sæðingastöðvunum. Annar í röðinni er Eiríkur 15-174. Niðurstöður frá 2016 sýndu að Eiríkur er sterkur kynbótahrútur m.t.t. gerðar og staðfestir það í raun hér, en gerð sláturlambanna er há miðað við fallþunga. Faðir Eiríks er Kölski 10-920 en í móðurætt standa þeir honum næstir af stöðvahrútum þeir Fannar 07-808 og Hylur 01-883. Eiríkur er einn af þeim hrútum sem taka þátt í afkvæmarannsókn á Leifsstöðum í vetur vegna sæðingastöðvanna.

Svalbarð, Pistilfirði

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjótmát	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Steðji	14-109	Saumur	12-915	110,3	119,9	129,7	120,0	16,8	10,2	6,9	31,1	2,4	17,5	138,8
Hjálmur	12-263	Hvinur	09-197	96,4	105,2	120,1	107,2	15,9	9,8	6,8	29,9	2,0	17,5	140,8
Hamar	16-104	Steðji	14-109	95,7	98,7	112,2	102,2	15,8	9,4	6,6	30,3	2,3	17,4	138,7
Máni	14-107	Myrkvi	10-905	102,0	107,4	89,6	99,7	16,3	9,9	6,9	29,4	2,2	16,8	141,0
Nagli	16-101	Saumur	12-915	105,5	95,9	88,1	96,5	16,6	9,6	7,0	29,1	2,2	16,9	136,8
Stjarni	16-103	Máni	14-107	95,8	96,4	95,2	95,8	15,8	9,4	6,6	28,9	2,0	17,1	142,5
Reki	16-106	Bekri	12-911	94,6	93,0	70,3	86,0	15,7	9,4	6,7	27,9	2,4	16,8	138,6
Ljúfur	14-113	Ljúflingur	11-101	96,0	73,9	77,2	82,4	15,9	8,6	6,6	28,3	2,3	17,0	137,8
							Meðaltal:	16,1	9,6	6,8	29,5	2,2	17,2	139,3

Hér er niðurstaðan býsna jöfn milli hrúta. Þó er einn hrútur sem sýnir allmikla yfirburði en það er Steðji 14-109, sem er afgerandi efstur fyrir alla þætti. Þessi hrútur hefur verið einn sterkasti hrútur búsins síðustu tvö ár. Steðji er í móðurætt af heimakyni en í fjórða lið frá móður hans má finna Hesthrútana Hyl 01-883 og Lóða 00-871. Af veturgömlu hrútonum er það Hamar 16-104 sem lætur mest að sér kveða m.t.t. til holdfyllingar en hann er sonur Steðja.

Ytra-Áland, Pistilfirði

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Endalaus	16-377	Eilífur	15-374	96,1	117,0	126,0	113,1	14,6	9,4	5,5	29,8	2,2	17,0	138,4
Eragon	16-378	Dreki	13-953	101,7	100,6	112,0	104,7	15,1	9,1	6,0	28,6	2,4	17,2	131,4
Dúi	16-380	Fjólmundur	12-256	102,3	91,5	107,9	100,6	15,2	9,0	6,3	28,7	2,2	16,4	139,3
Spari	16-371		13-372	95,6	99,9	83,6	93,1	14,6	9,2	6,0	27,1	2,4	16,6	132,3
Jón Oddur	16-375		13-372	105,4	90,7	75,8	90,6	15,4	8,7	6,0	26,1	2,2	16,4	133,7
							Meðaltal:	14,9	9,1	6,0	28,0	2,3	16,7	134,1

Á Ytra-Álandi eru 5 veturgamlir hrútar í samanburði. Hér er enginn hrútur sem sýnir algjöra yfirburði. Efstur er Endalaus 16-377. Sá hrútur skilar góðri gerð og lítilli fitu, líkt og fram kemur bæði í líflambaskoðuninni og í kjötmatshlutanum. Vænleiki þessara lamba er þó nokkuð undir búsméðaltali. Taka verður tillit til þess að hrútarnir hafa ekki verið notaðir á sambærilega ærhópa m.t.t. aldurs ána og litar það örugglega niðurstöðurnar en Endalaus á hér mest af gemlingslömbum.

Norður-Múlasýsla

Brekka, Fljótsdal

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Einbotni	13-014	Grábotni	06-833	101,3	124,0	136,9	120,8	15,8	9,4	4,9	29,7	1,9	17,6	129,4
Barri örðu	16-018	Saumur	12-915	102,0	118,5	119,5	113,3	15,9	9,2	4,8	29,4	1,8	17,6	133,2
Raf örður	16-020	Straumur	15-018	106,5	87,9	90,2	94,9	16,2	8,5	5,1	27,6	1,8	17,2	130,9
Hreinsi K	16-014	Hreinn	09-930	91,9	91,8	96,3	93,3	15,1	8,4	4,9	28,5	2,6	17,4	134,8
Bekri H Ás	16-016	Bekri	12-911	100,6	89,9	81,6	90,7	15,8	8,9	5,5	27,9	2,6	17,4	131,6
Ísar H	16-012	Einbotni	13-014	106,3	72,5	86,2	88,3	16,3	8,2	5,5	27,4	1,7	17,1	136,0
Litur	16-019	Jónas	12-949	90,6	84,3	68,0	81,0	15,0	8,1	4,9	25,9	2,2	17,1	135,6
							Meðaltal:	15,7	8,8	5,0	28,2	2,0	17,4	132,4

Hér stendur efstur fullorðinn sonur Grábotna 06-833 sem Einbotni heitir og er númer 13-014. Dætur hans mælast með þykkastan bakvöðva og stigast jafnframt vel. Vænleiki sláturlamba er um meðaltal en gerð þeirra sú besta. Móðurfaðir Einbotna var Gandur 07-845 frá Garðsá en Einbotni er nú fallinn í valinn. Hinn hrúturinn sem sýnir verulega yfirburði í þessari rannsókn er Barri Ás 16-018 sem er sonur Saums 12-915 frá Ytri-Skógum. Barri er að skila prýðilegum niðurstöðum bæði í mati á lifandi lömbum og í sláturhúsi. Barri er kollóttur enda móðir hans dóttir Kropps 10-890 frá Bæ í Árneshreppi.

Burstarfell, Vopnafirði

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Fannar	15-790	Danni	12-923	99,1	124,7	115,0	113,0	16,9	10,2	5,4	29,2	1,9	17,0	124,2
Ófeigur	16-798	Jakob	15-784	112,5	97,9	101,0	103,8	18,5	10,4	6,5	29,7	2,7	16,9	132,8
Klaki	16-799	Fannar	15-790	96,9	104,0	95,3	98,7	16,8	9,6	5,6	28,8	2,3	16,9	124,4
Óðinn	16-793	Salvar	14-215	99,4	97,2	95,7	97,4	17,0	9,6	5,9	29,1	2,9	17,1	126,4
þór	16-794	Tindhólmur	13-509	94,8	92,1	103,1	96,7	16,6	9,1	5,5	29,1	2,6	17,2	120,3
Satan	16-795	Kölski	10-920	102,8	72,7	90,1	88,5	17,4	8,2	5,6	28,5	2,3	16,9	126,8
							Meðaltal:	17,0	9,5	5,7	29,0	2,4	17,0	124,8

Hér ná veturgömlu hrútarnir ekki að skáka efsta hrút úr afkvæmarannsókn síðasta árs, Fannari 15-790 sem er undan Danna 12-923 frá Sveinungsvík og móðurfaðir er Hriflon 07-837 frá Hriflu. Lifandi lömb undan Fannari eru áberandi fitulítill en ómmælingar og stigun nærri meðaltali. Sláturlömbin eru nærri meðaltali í vænleika, gerð þeirra sú næstbesta en hér kemur einnig fram áberandi lítil fita á lömbunum. Fannar er greinilega öflugur hrútur sem lambafaðir. Ófeigur 16-798 er að skila áberandi vænum lömbum, dætur hans mælast með þykkastan bakvöðva, gerð sláturlamba er sú besta en þessi lömb eru jafnframt áberandi feitust sem dregur niður einkunn í kjötmatshlutanum. Ófeigur er sonur Jakobs 15-784 sem er aðkeyptur frá Kollavík en móðir Ófeigs rekur ættir í öflugra stöðvahrúta frá Hesti.

Melar, Fljótsdal

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Dalur	13-118	Dalur	09-861	100,4	102,3	111,7	104,8	17,0	8,7	5,5	28,6	2,0	17,4	137,0
Glæsir	13-116	Glæsir	09-888	105,8	104,3	103,0	104,4	17,4	8,7	5,5	28,2	2,2	17,4	139,1
Baugur	16-114	Baugur	10-889	100,1	101,3	106,9	102,8	17,0	9,1	5,9	28,2	2,3	17,5	134,4
Voði	16-117	Voði	13-943	86,7	108,7	109,4	101,6	16,0	8,2	4,8	28,0	1,9	17,3	135,1
Endi	16-111	Spotti	13-942	104,1	97,6	88,6	96,7	17,3	9,0	6,0	27,6	2,5	17,4	130,4
Valur	16-113	Dalur	13-118	99,6	81,3	85,1	88,6	17,0	8,4	6,0	27,5	2,4	17,4	132,6
							Meðaltal:	17,0	8,7	5,6	28,0	2,2	17,4	135,4

Það er ekki mikill munur á afkvæmahópunum hjá þeim kollóttu hrútum sem hér etja kappi. Efstir eru eldri hrútarnir í þessum samanburði Dalur 13-118 undan Dal 09-861 frá Hjarðarfelli og Glæsir 13-116 undan Glæsi 09-888 frá Sauðadalsá. Glæsir 13-116 er skyldleikaræktaður afkomandi Boga 04-814 því móðir hans er dóttir Boga. Dalur 13-118 rekur ættir sínar í móðurlegginn til hymndra stöðvahrúta s.s. Kveiks 05-965 frá Hesti. Þessir eldri kappar eru báðir fallnir. Baugur 16-114 sonur Baugs 10-889 frá Efstu-Grund er að skila bestri gerð sláturlamba í þessari rannsókn en fast á hæla honum hvað þann þátt varðar kemur Endi 16-111 sonur Spotta 13-942 frá Árbæ.

Rauðholt, Hjaltastaðapinghá

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Pipar	13-349	Grábotni	06-833	105,4	105,5	115,2	108,7	16,0	9,1	5,6	28,9	2,0	17,4	148,8
Obama	16-411	Húmor	15-393	104,5	103,8	115,9	108,1	16,0	9,0	5,5	28,8	1,8	17,6	140,9
Prince	16-414	Hvati	13-926	95,7	104,3	119,6	106,6	15,3	8,5	5,1	29,7	1,9	17,4	143,0
Bowie	16-413	Hvati	13-926	104,5	94,3	114,6	104,5	16,0	8,4	5,2	29,2	2,1	17,4	140,3
Clinton	16-409	Banani	13-344	98,2	108,7	92,7	99,9	15,5	8,9	5,4	27,8	1,9	17,3	139,8
Leonard C	16-412	Hvati	13-926	94,7	99,8	91,4	95,3	15,2	8,4	5,2	27,9	2,3	17,4	143,0
Castro	16-416	Grímur	14-955	92,1	97,1	88,1	92,4	15,1	8,3	5,3	27,5	1,8	17,0	146,4
George M	16-415	Burkni	13-951	101,5	95,6	79,6	92,3	15,7	8,1	4,9	26,7	1,8	17,0	142,7
Trump	16-410	Pipar	13-349	100,5	87,7	67,9	85,4	15,7	7,9	5,1	26,1	2,1	16,9	141,8
							Meðaltal:	15,6	8,6	5,3	28,2	2,0	17,3	143,5

Pipar 13-349 undan Grábotna 06-833 situr sem fastast í toppsætinu, löngu búinn að sanna sig sem kynbótahrút að öllu leyti. Kynbótamat hans fyrir alla þætti er glæsilegt og er hann þar með 113 í heildareinkunn. Fast á hæla hans núna kemur veturgamall hrútur, Obama 16-411 sonarsonur Bósa 08-901 frá Þóroddsstöðum. Obama kemst næst Pipar hvað varðar gerð sláturlamba en þessi hrútur er því miður dauður. Prince 16-414 sonur Hvata 13-926 á þann gimbrahóp sem mælist með þykkastan bakvöðva en sláturlömb eru undir meðaltali hvað vænleika snertir. Móðurfadir Prince var Grábotni 06-833 en Prince er ekki lengur í tölu lifandi fremur en poppstjarnan.

Teigasel, Jökuldal

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Pristur	16-428	Kjarni	13-927	95,9	105,4	118,4	106,6	15,0	8,6	5,4	29,4	2,3	17,3	133,6
Jónas	16-431	Jónas	12-949	95,1	104,1	109,7	103,0	14,9	8,1	4,9	28,8	2,2	17,1	133,9
Tjaldur	16-426	Tjaldur	11-922	97,4	111,8	93,1	100,7	15,1	8,7	5,2	28,5	3,0	17,2	126,9
Hagi	16-432	Tjaldur	11-922	97,7	102,1	101,7	100,5	15,1	8,1	5,0	28,4	2,3	17,0	121,2
Lagður	15-444	Mosi	11-341	104,7	91,3	102,8	99,6	15,6	8,1	5,3	28,9	2,7	17,1	128,2
Kvistur	13-439	Kvistur	07-866	103,9	96,9	85,7	95,5	15,7	8,3	5,3	27,8	2,4	16,8	123,9
Sorti	15-445	Mosi	11-341	101,7	95,4	80,9	92,7	15,5	8,0	5,1	27,6	2,8	16,9	123,2
							Meðaltal:	15,3	8,3	5,2	28,6	2,5	17,1	127,9

Hér stendur efstur Þristur 16-428 sonur Kjarna 13-927 frá Brúnastöðum. Yfirburði sína sækir hann að mestu í mat á lifandi lömbum en dætur hans mælast með þykkastan bakvöðva og stigast best fyrir læri. Gerð sláturlamba er vel yfir meðaltali en fallþungi undir meðaltali. MFF Prists er Fróði 04-963 frá Hagalandi. Tjaldur 16-426 sonur Tjalds 11-922 frá Sandfellshaga er að skila bestri gerð sláturlamba í þessari rannsókn en MFF hans er Kveikur 05-965 frá Hesti.

Suður-Múlasýsla

Eiríksstaðir, Berufirði

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Eir	10-010	Kveikur	05-965	102,5	124,6	105,5	110,9	17,5	11,2	6,8	31,6	3,6	17,1	138,2
Keisari	15-019	Hvati	13-926	95,1	102,7	111,1	102,9	17,1	10,3	6,7	31,2	3,1	17,3	138,2
Skolli	16-005	Krapi	13-940	106,3	86,0	103,8	98,7	17,9	10,2	7,0	31,1	3,5	17,4	139,4
Nóbel	16-004	Saumur	12-915	97,1	103,4	95,3	98,6	17,2	10,1	6,3	29,5	2,6	17,1	140,3
Örvin	16-007	Krapi	13-940	107,2	83,3	102,5	97,7	17,9	9,0	5,9	30,2	2,8	17,2	141,6
Goði	16-001	Grímur	14-955	98,8	98,3	86,0	94,4	17,3	10,1	6,5	29,6	3,2	17,2	136,0
Loki	16-003	Krapi	13-940	95,8	75,2	98,2	89,8	17,1	9,6	6,8	31,1	3,8	17,4	143,2
							Meðaltal:	17,4	10,2	6,6	30,6	3,2	17,2	139,2

Hér situr aldraður snillingur sem fastast í toppsætinu en það er Eir 10-010 sonur Kveiks 05-965 frá Hesti. Dætur Eirs mælast með þykkastan bakvöðva en yfirburði sína sækir hann þó öðru fremur í kjötmatshlutann þar sem hann sýnir algera yfirburði í gerð sláturlamba. MFF Eirs er Vinur 99-867 frá Voðmúlastöðum. Kynbótamat Eirs fyrir gerð stendur nú í 132 en hann sýnir lítil frávík frá meðaltali í kynbótamati fyrir aðra þætti.

Austur-Skaftafellssýsla

Fornustekkar, Nesjum

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Kuldi	15-005	Vetur	12-914	100,1	124,0	135,8	120,0	15,6	9,4	5,9	30,0	3,5	17,9	160,9
Simbi	14-644	Saumur	12-915	97,0	128,2	131,7	119,0	15,4	9,6	6,0	30,3	3,6	17,8	161,6
Hlekkur	14-614	Skratti	12-913	99,2	124,9	114,6	112,9	15,5	9,7	6,2	28,6	2,9	17,8	155,8
krati	14-574	Skratti	12-913	113,0	97,8	107,7	106,2	16,4	9,0	6,3	29,9	3,8	17,6	157,6
Taktur	12-132	Gestur	11-191	96,9	94,0	112,9	101,3	15,4	8,3	5,7	30,1	3,8	17,7	162,0
Stígur	16-076	Stjáni	15-115	104,1	110,6	85,8	100,2	15,9	9,3	6,1	28,7	4,0	17,6	169,4
Galsi	12-212	Toppur	06-156	94,4	118,4	86,8	99,8	15,1	9,3	5,9	28,4	4,1	17,7	161,5
Pistill	16-006	Hjálmur	12-263	87,6	102,9	107,4	99,3	14,7	8,5	5,5	28,6	3,1	17,6	160,7
Skjöldur	14-584	Skratti	12-913	101,2	82,2	98,4	93,9	15,6	8,5	6,3	28,1	3,1	17,6	161,6
Lokkur	16-026	Fífill	15-246	125,9	82,8	70,7	93,1	17,6	8,5	6,4	27,3	3,1	17,2	171,7
Strokkur	16-016	Glaumur	13-041	99,3	81,2	95,9	92,1	15,5	8,4	6,2	28,1	3,4	17,7	172,2
Garður	16-146	Hörður	11-959	101,9	77,2	82,9	87,3	15,7	8,3	6,2	29,0	4,2	17,5	156,4
Prúður	16-046	Skrúður	14-055	98,7	78,9	71,3	83,0	15,5	8,5	6,4	27,6	4,0	17,7	171,1
Melur	15-035	Vandi	14-564	94,1	78,6	66,1	79,6	15,2	8,1	6,0	27,2	4,2	17,6	158,1
Leiftur	14-624	Skratti	12-913	95,4	82,4	45,5	74,4	15,3	8,6	6,3	26,7	4,3	17,3	154,4
							Meðaltal:	15,6	8,8	6,1	29,0	3,6	17,6	161,5

Að þessu sinni var hægt að gera upp nokkuð umfangsmikla afkvæmarannsókn á þessu stóra fjárbúi. Efstur í heildareinkunn er Kuldi 15-005 undan Vetri 12-914 frá Hesti. Dætur hans eru í þriðja sæti í þykkt bakvöðva en stigast best fyrir læri. Fallþungi sláturlamba er á meðaltali rannsóknarinnar, gerðin sú þriðja besta og lömbin fremur fitulítill. MFF Kulda er Hólmi 08-839 frá Hesti. Á Hæla Kulda kemur Simbi 14-644 sonur Saums 12-915 frá Ytri-Skógum. Dætur hans mælast með þykkastan bakvöðva og stigast mjög vel fyrir læri. Fallþungi sláturlamba er aðeins undir meðaltali en gerð þeirra sú næst besta. Móðurfaðir Simba er Hólmi 08-839 frá Hesti. Sá þriðji sem sýnir verulega yfirburði í þessari rannsókn er Hlekkur 14-614 undan Skratta 12-913 frá Hesti. Þykkt bakvöðva hjá dætrum hans er undir meðaltali rannsóknarinnar en þær mælast fitulitlar og stigast mjög vel fyrir læri. Fallþungi sláturlamba er nærri meðaltali en þetta er best gerði sláturlambahópurinn. Móðurfaðir Hlekks er Borði 08-838 frá Hesti en MMF er Vinur 99-867 frá Voðmúlastöðum. Hlekkur er sá eini sem enn lifir af þessum þremur snillingum.

Hvammur í Lóni

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Olli	16-446	Dreki	13-953	115,9	109,0	158,5	127,8	17,1	9,7	6,0	29,9	2,7	17,7	142,5
Máni	16-448	Burkni	13-951	98,9	109,0	107,4	105,1	15,4	8,7	5,4	29,4	4,2	17,4	148,7
Bubbi	16-444	Hvati	13-926	97,7	121,0	87,6	102,1	15,3	9,1	5,3	26,6	3,0	17,0	149,9
Skafti	16-445	Borkó	11-946	95,5	108,6	90,0	98,1	15,1	9,1	5,9	26,3	3,0	17,2	153,4
Fjalar	16-447	Kjarni	13-927	98,6	74,8	85,8	86,4	15,3	7,6	5,7	26,7	2,9	16,9	143,2
Guðni	16-443	Kormákur	15-602	94,8	75,8	62,5	77,7	14,9	7,5	5,7	25,9	3,7	17,0	150,0
							Meðaltal:	15,5	8,6	5,7	27,4	3,1	17,2	148,2

Hér eru í samanburði 6 veturgamlir hrútar. Olli 16-446 sonur Dreka 13-953 frá Hriflu skarar hér verulega fram úr með sín afkvæmi. Dætur hans mælast með þykkastan bakvöðva og stigast best fyrir læri. Fallþungi sláturlamba er 1,6 kg yfir meðaltali rannsóknarinnar, gerð lambanna jafnfram sú langbest og fita lítil. Í ættartré móður Olla má sjá stöðvahrútanna Þrótt 08-871 frá Fremri-Hlíð og Eir 00-881 frá Laxárdal. Olli skipar sér tvímælalaust í hóp athygliverðustu sona Dreka. Máni 16-448 sonur Burkna 13-951 frá Mýrum 2 skilar þykkum bakvöðva hjá dætrum sínum og flokkun sláturlamba er hagstæð, fallþungi nærri meðaltali. MFF Mána er Þróttur 08-871 frá Fremri-Hlíð. Sláturlömb undan Bubba 16-444 syni Hvata 13-926 frá Hesti flokkast prýðilega, fallþungi aðeins undir meðaltali. MFF Bubba er Kveikur 05-865 frá Hesti.

Nýpugarðar, Mýrum

Nafn	Faðir Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
	15-755	Lækur	13-928	110,7	126,7	139,4	125,6	16,7	9,6	6,1	30,4	3,2	17,5	153,5
Klaki	13-537	Jökull	07-844	104,2	128,6	132,2	121,7	16,2	9,9	6,3	30,1	2,9	17,3	150,3
	15-754	Lækur	13-928	102,0	123,1	138,6	121,2	16,1	9,7	6,3	31,1	4,0	17,5	157,8
Skafli	13-540	Snævar	10-875	86,0	128,0	136,4	116,8	14,6	9,4	5,5	30,5	3,2	17,4	157,5
	16-558	Skratti	12-913	104,4	106,0	109,6	106,7	16,5	9,4	6,5	28,8	3,3	17,4	161,4
	16-561	Kjarni	13-927	94,7	93,8	113,1	100,5	15,5	8,6	6,2	28,3	2,5	16,9	156,9
	16-565		15-753	97,5	98,2	93,2	96,3	15,7	9,0	6,4	27,8	3,9	17,6	151,6
	16-560	Skratti	12-913	98,1	90,8	95,1	94,7	15,7	8,6	6,4	28,0	3,5	17,3	164,3
	16-559	Dreki	13-953	98,8	66,5	96,1	87,2	15,8	8,1	6,8	28,3	3,9	17,5	154,8
Hrafn	14-546	Váli	10-907	107,1	82,3	64,4	84,6	16,4	8,6	6,6	27,0	4,0	17,0	154,3
	12-534		11-526	97,8	79,9	67,4	81,7	15,7	8,7	6,7	26,8	3,5	16,8	154,8
	14-548	Váli	10-907	95,1	89,2	55,6	80,0	15,6	8,4	6,1	26,7	4,1	17,2	149,0
	14-549	Myrkvi	10-905	102,1	74,7	42,5	73,1	16,1	8,7	7,0	25,3	4,2	16,6	155,2
							Meðaltal:	15,9	9,0	6,3	28,5	3,6	17,3	154,0

Líkt og í fyrra eru hér á toppnum albræður undan Læk 13-928 frá Ytri-Skógum. Niðurstöður þeirra eru nokkuð áþekkar, báðir að skila bakvöðvaþykkum og læragóðum dætrum og jafnframt prýðilegri flokkun í sláturhúsi. 15-755 er að skila nokkuð þyngri sláturlömbum en bróðir sinn, reyndar þyngsta afkvæmahópnum, en um leið eru þau fitulítill. Aftur í ættartre móður þeirra bræðra má finna stöðvahrútana Vorm 03-988 frá Holtahólum og Lóða 00-871 frá Hesti. Á milli albræðranna á toppnum stingur sér fullorðinn hrútur Klaki 13-537 undan Jökli 07-844 frá Bjarnastöðum. Dætur hans mælast með þykkum bakvöðva og litla fitu. Sláturlömb undan Klaka eru best gerð af öllum afkvæmahópnum og fallþungi í góðu meðallagi. Móðurfaðir Klaka er Fálki 06-834 frá Borgarfelli. Fjórði hrúturinn sem sýnir umtalsverða yfirburði er Skafli 13-540 undan Snævari 10-875 frá Hesti. Sterkasti þáttur hjá afkvæmum hans er þykkur bakvöðvi en fallþungi sláturlamba er 1,3 kg undir meðaltali og jafnframt léttasti sláturlambahópurinn. MFF Skafli er Áll 00-868 frá Hesti. Sá veturgamli hrútur sem kemst lengst upp metorðastigann í þessari rannsókn er hrútur númer 16-558 undan Skratta 12-913 frá Hesti. Móðurfaðir hans er Kvistur 07-866 frá Klifmýri.

Litla-Hof, Öräfásveit

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Kraki	16-332	Grímur	14-955	99,6	122,1	135,0	118,9	16,0	9,8	5,2	29,7	2,3	17,6	154,7
Breki	16-333	Bekri	12-911	100,0	124,2	114,8	113,0	16,1	10,0	5,0	29,1	2,6	17,7	149,7
Bjartur	15-329	Guffi	08-869	103,8	112,3	120,8	112,3	16,3	9,6	5,3	29,5	2,2	17,4	153,7
Hellir	16-340	Surtur	15-328	92,1	113,5	123,4	109,7	15,4	9,6	5,3	29,2	2,4	17,6	155,1
Lurkur	14-321	Forkur	11-527	106,6	93,6	117,5	105,9	16,5	9,6	5,9	28,9	2,4	17,4	148,3
Bond	15-330	Hvati	13-926	94,9	106,5	109,1	103,5	15,7	9,8	5,8	28,3	2,1	17,4	156,0
Surtur	15-328	Höfðingi	10-919	94,4	102,8	102,1	99,8	15,7	9,5	5,6	28,7	2,5	17,2	151,0
Bubbi	16-334	Teigur	13-315	95,5	89,3	97,7	94,1	15,7	9,0	5,6	27,7	2,4	17,4	156,9
Óttar	14-323	Kjarkur	08-840	108,1	76,8	93,6	92,8	16,8	8,9	5,8	28,0	2,6	17,2	163,7
Gassi	15-331	Vetur	12-914	102,7	98,3	67,1	89,4	16,3	9,6	5,7	26,3	2,8	17,2	156,4
Tígull	14-324	Spaði	13-320	98,2	86,9	55,3	80,1	15,9	9,2	5,8	26,3	2,8	17,1	146,7
Muggur	15-327	Höfðingi	10-919	101,2	62,2	44,4	69,2	16,2	8,2	5,8	25,7	2,7	16,7	153,3
							Meðaltal:	16,1	9,5	5,6	28,2	2,5	17,3	153,1

Kraki 16-332 sonur Gríms 14-955 frá Ytri-Skógum stendur hér efstur. Dætur hans mælast með þykkastan bakvöðva, eru fitulitlar og lærasterkar. Vænleiki sláturlamba er í meðallagi og flokkun þeirra ein sú hagstæðasta. Kraki er aðkeyptur frá Svínafelli 3 en móðurfaðir hans er Hvellur 05-969 frá Borgarfelli. Breki 16-333 kemur næstur í heildareinkunn en hann er undan Bekra 12-911 frá Hesti. Dætur hans mælast með þykkkan bakvöðva og fá bestan dóm fyrir læri. Fallþungi sláturlamba er í meðallagi, gerð þeirra er sú besta og fita sú minnsta, hlutfall gerðar/fitu er 2,0. Móðurfaðir Breka er Gosi 09-850 frá Ytri-Skógum. Bjartur 15-329 undan Guffa 08-869 frá Garði kemur næstur í heildareinkunn. Dætur hans mælast með einn þykkasta bakvöðvann og mælast fitulitlar. Fallþungi sláturlamba er aðeins yfir meðaltali og flokkun hagstæð. MFF Bjarts er Kveikur 05-865 en MMF er Abel 00-890 frá Ósabakka. Loks er rétt að nefna Hellir 16-340 en hann kemur mjög vel út úr mati lifandi lamba en sláturlömb undan honum eru þau léttustu en flokkun nærri meðaltali. FF hans er Höfðingi 10-919 frá Leiðólfsstöðum en móðurfaðir er Grábotni 06-833.

Árnessýsla

Gýgjarhólskot, Biskupstungum

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Flugdreki	16-233	Dreki	13-953	104,4	99,2	121,0	108,2	26,6	11,0	7,7	33,7	3,3	18,4	162,8
Bryndreki	16-232	Dreki	13-953	110,7	104,5	100,1	105,1	27,2	11,4	7,8	33,8	3,8	18,1	165,3
Glámur	16-231	Burkni	13-951	102,4	114,1	98,3	104,9	26,3	11,7	7,6	32,9	3,3	18,1	164,7
Húsavíkur	16-230	Burkni	13-951	99,0	104,5	99,7	101,1	26,0	12,1	8,0	33,5	3,7	18,1	163,4
Eyjarsels- l	16-234	Havarti	15-225	91,2	92,4	100,4	94,7	25,3	10,3	7,5	33,5	3,3	17,9	164,1
Skriðdreki	16-229	Dreki	13-953	94,0	87,5	74,5	85,3	25,5	10,8	7,9	31,5	3,5	18,0	165,3
							Meðaltal:	26,1	11,1	7,7	33,2	3,5	18,1	164,3

Að vanda voru lömbin gríðarlega væn í Gýgjarhólskoti en þeim var jafnframt slátrað nokkuð eldri en almennt gerist hér á landi. Flugdreki 16-233 sonur Dreka 13-953 frá Hriflu átti öflugasta dætrahópin þegar horft er til mats á lifandi lömbum. MFF Flugdreka er Knapi 07-868 frá Hagalandi en MMF hans er Tenór 08-873 frá Geirmundarstöðum.

Glámur 16-231 sonur Burkna 13-951 frá Mýrum 2 átti hinsvegar sláturlambahópin sem flokkaðist með hvað hagstæðustum hætti. Móðurfaðir Gláms er Guðni 09-902 frá Mýrum 2 og Glámur því að stórum hluta ættaður frá Mýrum.